

Nd.

293. Framvarp

til laga um breyting á lögum nr. 44, 10. nóv. 1913, um forðagæslu.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. gr.

(7. gr. laganna).

Fyrir orðin »alt að« komi:

minst.

2. gr.

(8. gr. laganna).

Á eftir fyrstu málsgr. komi ný málsgr., svo hljóðandi:

Í reglugerð skal ákveðið, að mæla skuli hlöður, heytóftir og hey i teningsmetrum, en hey og annað fóður skuli meta í forðamálum og tala þeirra sett í matsdálka skýrslanna.

A s t æ ð u r .

Af því að dagkaup forðagæslumanna er mjög lágt, er rjett að heimila, að það megi vera hærra. Varasamt að færa upp kaupíð, meðan forðagæslulögin hafa ekki náð almennum vinsældum.

Þá er nauðsynlegt, að lögin ákveði, hvaða reglum skuli fylgt um forðamat. Tryggja þarf með lögum, að reglugerða-ákvæði um matið sje samhljóða í öllum sýslum landsins, svo matið verði nákvæmt, samræmi í skýrslunum og fróðleikur í þeim fyrir þá, sem í þær vilja líta.